

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 342. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 3. febrúar 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerðir 184. og 185. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 9. og 21. desember 2020.
- 2) Fundargerð framkvæmdastjórnar Bygðasamlags Snæfellinga, dags. 23. nóvember 2020.
- 3) Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 19. janúar 2021, ásamt fjárhagsáætlun HeV fyrir árið 2021.
- 4) Bréf frá kennurum við GSNB., dags. 19. janúar 2021, varðandi stimpilklukkur í starfsstöðvum grunnskólans.
- 5) Bréf frá foreldrum og forráðamönnum nemenda GSNB – Lýsuhólsskóla, ásamt tillögu að reglum um skólaakstur í skólahverfi Lýsuhólsskóla.
- 6) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. janúar 2021, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, að Hafnargötu 11 í Rífi, Snæfellsbæ.
- 7) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. janúar 2021, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 8) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. janúar 2021, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki III, stærra gistiheimili, að Klettsbúð 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.
- 9) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. janúar 2021, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, stærra gistiheimili, að Ólafsbraut 20 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 10) Bréf frá forstöðumanni tæknideildar, dags. 1. febrúar 2021, ásamt reglum fyrir geymslsvæði Snæfellsbæjar í námusvæði við Ríf.
- 11) Reglur Snæfellsbæjar um tölvupóst og netnotkun.
- 12) Greining á rekstri Hjúkrunarheimilisins Jaðars, unnin af Hörpu Gunnarsdóttur.
- 13) Bréf frá Borgarstjóranum í Reykjavík, dags. 19. janúar 2021, varðandi kröfu Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- 14) Minnisþingar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 1. febrúar 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



184. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. desember 2020, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson og Karl Kristjánsson.

Eyjólfur Bjarnason boðaði forföll.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 182. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundargerð 183. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Framtíð Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar var send sveitarfélögum við Breiðafjörð til umsagnar þann 23. nóvember 2020 og óskað eftir umsögn þeirra. Frestur var gefinn til 19. desember. Samantektin var einnig sett á heimasíðu nefndarinnar og deilt á Facebook síðu hennar og íbúum gefinn kostur á að skila inn athugasemdum fyrir 19. desember.

Rætt að lengja skilafrest á umsögnum og athugasemdum. Samþykkt að halda sig við auglýstan frest en þeim athugasemdum sem berast fram að lokaútgáfu samantektarinnar verði þó haldið til haga.

Samþykkt að funda þann 21. desember um innsendar umsagnir.

Erindi frá Umhverfisstofnun: Tillaga að endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Erindi frá Umhverfisstofnun: Tillaga að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Erindi frá Umhverfisstofnun: Áform um friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla:

Yfirlit yfir fjármál 2020 og 2021 lagt fram.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur:

Þriðjudagur 21. desember kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11:40



185. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. desember 2020, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Eyjólfur Bjarnason og Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Örnefnaskráning Náttúrufræðistofnunar Íslands 2020

Í samræmi við 3. gr. samnings milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 26. nóvember 2019 hefur Náttúrufræðistofnun sent upplýsingar um örnefni í Breiðafirði til Landmælinga Íslands. Í ár var skilað inn 2158 örnefnum, bæði „nýjum“ örnefnum og leiðréttingum á örnefnum. Í allt hefur verið skilað inn 3666 örnefnum í Breiðafirði og áætlað er að enn eigi eftir að skila um það bil 1500-1600 örnefnum. Þorvaldur Þór Björnsson hefur safnað örnefnunum og Anette Therisia Meier hefur séð um landupplýsingar, þ.m.t. gerð korta.

Afgreiðsla:

Lagt fram. Samþykkt að óska eftir því að Þorvaldur mæti á fund nefndarinnar á nýju ári og kynni skráningarvinnuna.

Framtíð Breiðafjarðar – umsagnir um samantekt Breiðafjarðarnefndar

Lagt fram til kynningar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar kærlega fyrir allar innsendar umsagnir. Umsagnir hafa borist frá sveitarfélögum sjö við fjörðinn auk þess sem umsagnir hafa komið frá íbúum, landeigendum, ýmsum hagsmunaaðilum s.s. sjómönnum auk annarra áhugasamra. Samþykkt að fela ritara að taka umsagnir saman í vinnuskjal og funda aftur í byrjun árs til þess að afgreiða málið.

Samþykkt að svara athugasemdum og erindi frá Samtökum dragnótamanna strax.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur:

Þriðjudagur 7. janúar kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11:40

Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Byggðasamlags Snæfellinga haldinn mánudaginn
23. nóvember Teams-fundi kl. 10:15

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ, formaður, Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbæ, Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ, Eggert Kjartansson, Eyja- og Miklaholtshreppi, Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit, Guðrún Magnea Magnúsdóttir gestur, Hjördís Pálsdóttir gestur og Þór Örn Jónsson fundarritari.

Formaður setti fund. Gengið var til dagskrár:

1. Fjárhagsáætlun Persónuverndarfulltrúa 2021 og rauntölur 2019.

Þór Örn fór yfir fjárhagsáætlun Persónuverndarfulltrúa fyrir árið 2021, ásamt rauntölum 2019.(ársreiknigur 2019).

2. Fjárhagsáætlun fyrir EarthCheck vottunarverkefnið og rauntölur 2019.

Þór Örn fór yfir fjárhagsáætlun EarthCheck vottunarverkefnisins fyrir árið 2021, ásamt rauntölum 2019.(ársreiknigur 2019).

3. Fjárhagsáætlun fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla.

Þór Örn fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla fyrir árið 2021, ásamt rauntölum 2019 (ársreiknigur 2019).

4. EarthCheck vottunarverkefnið.

Guðrún Magnea verkefnastýra EarthCheck vottunarverkefnisins fór yfir eftirtalin atriði.

- Kynningarmál lagði áherslu á sameiglegt „Local“ fyrir Snæfellsnes (sjá meðfylgjandi skjal).
- Fór yfir skýrslu um verkefnið (sjá meðfylgjandi skjal).
- Árangursmat: fór yfir það (sjá meðfylgjandi skjal).
- Framkvæmdaáætlun fór yfir hana (sjá meðfylgjandi skjal).

Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

- Könnun fór yfir spurningakönnun sem fyrirhugað er að leggja fyrir íbúa Snæfellsness.

Guðrún leggur áherslu á að sveitarfélögin á Snæfellsnesinu séu með sameiginlega loftlagsstefnu og að hún sé mælanleg. Jakob formaður lagði til að Guðrún vinni þetta verkefni áfram og var það samþykkt.

5. Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Hjördís Pálsdóttir forstöðustýra Byggðasafnsins fór yfir eftirtalin atriði:

a. Fór yfir Ársskýslu Byggðasafnsins fyrir árið 2019.

Hjördís fór yfir þörf á nýrri geymslu, þar sem geymslan á Reitarvegi 3 er alveg full og mjög erfitt að taka við munum. Stefna að fundi í Stykkishólmi til að skoða geymsluna. Í millitíðinni ætlar Hjördís að skrifa greinagerð varðandi málið.

b. Safna og sýningarstefna Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla

Farið yfir helstu breytingar á safna- og sýningarstefnu.

Til máls tóku: JBJ og BÁ

c. Ný grunnsýningarstefna

Sigurborg Hannesdóttir kom inn á fundinn og fór yfir fyrirhugaða hugarflugsfundi við mótun nýrrar grunnsýningarstefnu.

Til máls tóku: SH, HP, JBJ og BÁ

6. Önnur mál: engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl: 12:37
Þór Örn Jónsson fundarritari

Kristinn Jónasson

From: Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>
Sent: miðvikudagur, 20. janúar 2021 14:27
To: jakob@stykkisholmur.is; sveitarstjori@dalir.is; bjorg@grundarfjordur.is; Kristinn Jónasson; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; skorradalur@skorradalur.is; linda@hvalfjardarsveit.is; saevar.freyr.thrainsson@akranes.is; helgafellssveit341@gmail.com
Cc: karitas.jonsdottir@akranes.is; silja.steingrimsdottir@borgarbyggd.is; Auður Kjartansdóttir; sim@stykkisholmur.is; kalastadir@gmail.com; ragnhildur; traustigylfason@gmail.com; afgreiðsla@borgarbyggd.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; akranes@akranes.is
Subject: Beiðni um afgreiðslu fjárhagsáætlunar
Attachments: 2021_0119_Fjarhagsaaetlun_2021_til_sveitarstjorna.xlsx

Góðan dag

Á fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands með fulltrúum aðildarsveitarfélaga sem haldinn var í gær var fjallað um fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2021. Formaður heilbrigðisnefndar ritaði fundargerð fundarins og er hún eftirfarandi:

Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 19.jan 2021

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem samþykkt var af Heilbrigðisnefnd Vesturlands þann 15.janúar sl. Í fjárhagsáætluninni er ekki gert ráð fyrir ráðningu á nýjum starfsmanni og hún er kynnt með óbreyttu framlagi sveitarfélaga frá fyrra ári. Í fyrri tillögu hafði verið gert ráð fyrir ráðningu á nýjum starfsmanni í byrjun árs og eins hafði verið gert ráð fyrir 2,5% hækkun á framlagi sveitarfélaga. Fyrirvari var gerður af heilbrigðisnefnd að endurskoðun verði á fjárhagsáætluninni ef sameining verður við Kjósarsvæði þar sem skýr þörf er á fleiri starfsmönnum til að uppfylla lögbundnar eftirlitsskyldur.

Fundurinn tók jákvætt í fjárhagsáætlunina með fyrirvara um afgreiðslur sveitarfélaganna. Samþykkt að heilbrigðisnefnd sendi fjárhagsáætlunina til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórnunum.

Hér með er óskað eftir að meðfylgjandi fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2021 verði tekin til afgreiðslu hjá sveitarfélögum sem fyrst, ef einhverjar spurningar vakna um fjárhagsáætlunina er velkominn að hafa samband við undirritaðan.

Kveðja

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innri mel 3, 301 Akranes
Símar 4312750 og 6206566

Fjárhagsáætlun heilbrigðisefirlits 2021

Ökhljv	Áætlun 2021	Áætlun 2020	Staða 31. desem	Niðurstaða	Hlutdeild	Framlag sveit	Tekjur alls
0 Tekjur							
*	Tekjur frá fyrra ári.	13.453.821					13.453.821
225	Starfsleyfisgjöld	3.000.000	1.000.000	2.884.850	-1.884.850		3.000.000
990	Aðrar tekjur	0	200.000	2.423.577	-2.223.577		0
290	Imnheimt rannsóknargjöld	3.500.000	3.000.000	2.771.376	228.624		3.500.000
230	Efirlitsgjöld	17.466.657	23.000.000	38.945.960	-15.945.960		17.466.657
465	Dráttarvextir	0	0	39.323	-39.323		0
810	Hlutdeild Akraneskaupstaðar	9.043.332			-2	9.043.332	9.043.332
810	Hlutdeild Borgarbyggðar	4.623.695			0	4.623.695	4.623.695
810	Hlutdeild Dalabyggðar	767.015			0	767.015	767.015
810	Hlutdeild Eyja- og Miklholtshepps	148.842			0	148.842	148.842
810	Hlutdeild Grundarfjarðarbæjar	1.051.494			0	1.051.494	1.051.494
810	Hlutdeild Helgafellsveitar	76.822			0	76.822	76.822
810	Hlutdeild Hvalfjarðarsveitar	750.210			0	750.210	750.210
810	Hlutdeild Skorradalshrepps	78.022			0	78.022	78.022
810	Hlutdeild Snæfellsbæjar	2.009.363			0	2.009.363	2.009.363
810	Hlutdeild Stykkishólmsbæjar	1.451.206	20.000.000	20.000.002	0	1.451.206	1.451.206
	Tekjur samtals	57.420.478	47.200.000	67.065.088	-19.865.088		
	10000 Rekstur						
	1999 Laun og launatengd gjöld						
1610	Nefnd heildarkostnaður (laun og launateng	2.750.075	2.683.000	2.683.000	0		
1110	Laun heilbr. fulltrúa	28.088.004	29.600.000	29.411.917	188.083		
1132	Orlof 13,11% af yfirvinnu	687.118	0	172.108	-172.108		
1150	Persónuuppbót	520.200	0	0	0		
1210	Yfirvinnna föst	4.091.172	0	0	0		
1210	Yfirvinnna breytileg	1.150.000	0	0	0		
1770	Fæðispeningar	483.516	0	326.088	-326.088		
1810	Tryggingagjald 6,10%	2.033.080	1.600.000	2.247.634	-647.634		

1840	Fjölisk- og styrktarsjóður 0,75%	249.969	0	3.832	-3.832		
1820	Lífeyrissjóður 11,5%	3.832.855	3.404.000	3.826.932	-422.932		
1910	Orlofsjóður 0,25%	83.323	0	0	0		
1940	Starfmentunarsjóður 0,22%	73.324	0	0	0		
1890	Starfþróunarsegur háskólamanna 0,70%	233.304	700.000	714.272	-14.272		
1895	Vísindasjóður 1,5% af dagvinnu	421.320	0	0	0		
Laun samtals		44.697.260	37.987.000	39.385.783	-1.398.783		
2000 Annar rekstarkostnaður							
2020	Bækur, tímarit, blöð, áskriftir	15.000	250.000	12.200	237.800		
2030	Ritföng, pappír, bréfabindi	110.000	0	105.518	-105.518		
2120	Kaffstofa	100.000	0	0	0		
2150	Vinnufáttaður	350.000	0	0	0		
2853	Ymis búnaður	350.000		1.422.111	-1.422.111		
2931	Eldsneyti (Rekstur birfíða)	1.149.167	1.600.000	477.862	1.122.138		
2932	Bílaeigubílar	1.850.000	50.000	685.709	-635.709		
2990	Önnur vörukaup	300.000	200.000	80.897	119.103		
4010	Prentun, fjölritun ljósritun	100.000	0	0	0		
4011	Sími	490.000	450.000	488.761	-38.761		
4012	Netþjónusta	60.000	0	54.797	-54.797		
4080	Félagsgjöld	85.000	360.000	80.000	280.000		
4115	Starfsmannabíllar	0	0	75.696	-75.696		
4221	Dagpeningar innanlands	320.000	0	50.400	-50.400		
4240	Fargjöld innanlands	50.000	0	0	0		
4332	Eindurskoðun bókhald	650.000	600.000	636.675	-36.675		
4334	Tölvþjónusta	130.000	0	118.263	-118.263		
4342	Bókhaldsþjónusta	285.000	0	270.822	-270.822		
4343	Aðkeypt vinna ITC viðhald á FM	265.000	240.000	2.858.452	-2.618.452		
4344	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3.900.000	2.900.000	1.028.066	1.871.934		
4413	Húsaleiga	1.130.000	1.100.000	967.703	132.297		
4660	Viðh. og endurnýjun tækja og véla	50.000	200.000	199.419	581		
4729	Abyrgðartýggingar	60.000	80.000	50.360	29.640		
4910	Innheimtu bóknun/kostnaður	70.000	0	65.260	-65.260		
4912	Póstburðargjöld	40.000	80.000	27.130	52.870		
4913	Auglýsingar	350.000	100.000	415.224	-315.224		
4921	Fundur og ráðstefnur	300.000	200.000	277.531	-77.531		
4923	Námskeið	200.000	0	0	0		

4990	Önnur aðkeypt þjónusta	175.000	0	169.565	-169.565			
5115	Starfsmannablað (styrkir)	0	50	0	50			
5705	Aðrir vestir og bankakostnaður	0	0	137.813	-137.813			
5705	Dráttarvextir	0	0	-58.353	58.353			
5853	Tölvubúnaður og skrifstofuvörur	50.000	80.000	553.352	-473.352			
Rekstur samtals		12.984.167	8.490.050	11.251.233	-2.761.183			
Heilbrigðiseffilið		57.681.427	46.477.050	50.637.016	17.203.905	100	20.000.000	57.420.478

Snæfellsbær 19. janúar 2021

Berist til bæjarstjóra (bæjarstjórn),

Í ný samþykktum kjarasamningi á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands kemur fram í bókun 3 að „samningsaðilar séu sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólastarfs. Bætt tækni í fjarvinnu og fjarkennslu hefur gerbreytt möguleikum til aukins sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólastarfs. Svigrúmið sem þetta veitir stuðlar einnig að auknu samræmi á milli vinnu og einkalífs og að bættri vinnustaðarmenningu“. Einnig kemur fram í sömu bókun að samningsaðilar séu sammála um að sveigjanlegt vinnuumhverfi sé forsenda þess að kennarar, eins og aðrir þekkingarstarfsmenn, geti mætt og aðlagð sig að þeim fjölbreyttu skyldum, kröfum og aðstæðum sem þeim mæta. Við upphaf hvers skólaárs skal skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi.

Í byrjun árs 2021 fengum við þá tilkynningu frá skólastjóra að setja ætti upp stimpilklukku á starfsstöðvum Grunnskóla Snæfellsbæjar. Okkur, sem kennum við stofnunina, leikur forvitni á að vita hvernig sú ákvörðun samræmist innan bókunar 3 í núgildandi kjarasamningi okkar.

Svar óskast sent á: guðruna@gsnb.is

Fyrir hönd kennara í Grunnskóla Snæfellsbæjar,

Guðrún Anna Oddsdóttir

trúnaðarmaður

Lilja Ólafardóttir

From: Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir <dagbjortduna@gmail.com>
Sent: mánudagur, 25. janúar 2021 14:27
To: Lilja Ólafardóttir
Cc: Rósa Erlendsdóttir; Hilmar Már Arason
Subject: Erindi til Snæfellsbæjar
Attachments: Tillaga að reglum um skólaakstur í Snæfellsbæ fyrir skólahverfi GSNB-Lýsuhólsskóla.pdf

Erindi til Snæfellsbæjar frá Foreldrafélagi Lýsuhólsskóla

Góðan daginn

Vegna verðandi breytinga á búsetu barna í Grunnskóla Snæfellsbæjar – Lýsuhólsskóla, skapast nú áður óþekkt vandamál með skólaakstur á okkar svæði, þar sem ekki er lengur pláss fyrir alla nemendur á vesturleiðinni í skólabílnum sem sinnir nú akstri í útsveit Staðarsveitar og úr Breiðuvík.

Vegna þessa máls og umræðu um það, kom fram að ekki hefur tíðkast að reikna með öllum nemendum skólans í skólaakstri, heldur hefur verið miðað við að aðeins þeir nemendur sem búa í meira en 3 km. fjarlægð frá skólanum eigi rétt á skólaakstri. Því fór foreldrafélagið að kynna sér hverju þessi mismunun sætti og skoða reglur um skólaakstur.

Kallað var eftir reglum um skólaakstur í Snæfellsbæ, eins og kveðið er á um í Reglum um skólaakstur nr. 656/2009 að eigi að vera til í hverju sveitarfélagi, en við fengum þau svör að slíkar reglur væru ekki til.

Því höfum við foreldrar og forráðamenn nemenda í GSNB-Lýsuhólsskóla tekið saman tillögu að reglum sem við teljum viðeigandi fyrir skólahverfið sunnan heiðar.

Til hliðsjónar við gerð þessara reglnanna voru höfð Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og Reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. En einnig voru skoðaðar samskonar reglur nokkurra annarra sveitarfélaga á Íslandi. Þessi tillaga fylgir hér með í viðhengi ásamt rökstuðningi.

Við viljum með þessari vinnu reyna að flýta fyrir framgangi þessa að settar séu skýrar reglur um skólaakstur sem allir eru sáttir við, en leggjum áherslu á að hér er um tillögu eða drög að ræða og erum tilbúin í frekari umræður eða vinnu við nánari útfærslu á reglunum, ef þörf er á því. Rökstuðningur frá okkur fylgir með tillögunum, þar sem farið er yfir hverja grein reglnanna og gefnar upp þær forsendur og ástæður sem við foreldrar teljum vera fyrir þessum reglum í heild sinni.

Við skilum þessum tillögum því hér með formlega til Snæfellsbæjar og förum fram á að þær verði teknar til umræðu og afgreiðslu í viðeigandi nefndum og ráðum til þess að tryggja að fyrir liggi skýrar reglur um skólaakstur í skólahverfinu okkar með hag og öryggi barnanna okkar að leiðarljósi.

Tengiliður Foreldrafélags Lýsuhólsskóla í þessu máli er ritari þess: Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir- Böðvarsholti

Með von um jákvæðar móttökur, góða samvinnu og skjóta úrlausn og afgreiðslu á þessu máli.

Fyrir hönd foreldra og forráðamanna nemenda GSNB – Lýsuhólsskóla.

Kveðja

Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir

dagbjortduna@gmail.com

+354 867 4451

Tillaga að reglum um skólaakstur í Snæfellsbæ fyrir skólahverfi Grunnskóla Snæfellsbæjar, Lýsuhólsskóla

Hér er sett fram tillaga að reglum um skólaakstur í 9. greinum frá Foreldrafélagi nemenda í Grunnskóla Snæfellsbæjar – Lýsuhólsskóla. Í fylgiskjali 1. má einnig finna rökstuðning við hverja grein í reglunum eftir því sem við á.

1.gr

Gildissvið

Reglur þessar eru gerðar með hliðsjón af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ásamt *Reglum um skólaakstur nr. 656/2009* með síðari breytingum ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.

Reglur þessar taka til skipulags og framkvæmdar skólaaksturs ásamt viðmiðum um rétt nemenda til skólaaksturs.

2.gr

Ábyrgð

Snæfellsbær ber kostnað af og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3.gr

Fyrirkomulag skólaaksturs

Daglegur skólaakstur til og frá GSNB Lýsuhólsskóla er í samræmi við útboðslýsingu sem gerð var XXXX. Aksturinn er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjórnendur vinna í samræmi við nemendafjölda, kennsluskipan og aðrar þær þarfir nemenda fyrir akstur sem samkomulag er um að uppfylla.

Skólastjóri og deildarstjóri GSNB Lýsuhólsskóla, í samráði við foreldrafélag GSNB Lýsuhólsskóla, leggja fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu.

Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema að til komi fjölgun/fækkun eða breyting á búsetu nemenda sem nýta skólaakstur.

Áætlunina skal kynna skólaráði grunnskólans sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera aðgengileg íbúum á heimasíðum Grunnskóla Snæfellsbæjar.

4.gr

Um skipulag skólaaksturs

Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar leiðir samkvæmt útboði hverju sinni. Um er að ræða akstur nemenda GSNB Lýsuhólsskóla til og frá skóla að morgni og aftur heim síðdegis, alla skóladaga.

Við vissar aðstæður er heimilt að semja við forráðamenn nemenda um þátttöku þeirra í skólaakstri. Í slíku samkomulagi skal kveðið á um heimildir til uppsagnar samkomulagsins.

Nemendur skulu vera sóttir að heimili sínu hvern morgun en þeim skilað aftur að heimili sínu í lok skóladags.

5. gr

Réttur til skólaaksturs

Rétt á skólaakstri í og úr GSNB Lýsuhólsskóla eiga allir nemendur skólans á öllum aldri.

6. gr

Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal undantekningarlaust vera fjarskiptabúnaður.

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Foreldrar/ forráðamenn geta óskað eftir að nota bílstól fyrir barn sitt í skólabifreiðum. Foreldrar/ forráðamenn útvega þá stólinn sjálf og koma honum til bifreiðarstjóra sem síðan ber ábyrgð á að bílstóllinn sé notaður og rétt meðfarinn. Gæta skal þess að bílstóllinn hæfi þeirri bifreið sem notuð er til skólaaksturs hverju sinni.

Bifreiðastjóri, í samráði við deildarstjóra GSNB Lýsuhólsskóla, leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans sem lætur foreldra/forráðamenn vita.

7. gr

Bifreiðarstjórar / verktakar

Bifreiðastjóri skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu umsóknar um starf bifreiðastjóra eða gerð ráðningarsamnings skal liggja fyrir sakavottorð þeirra bílstjóra sem ráðnir eru til að aka bifreiðunum, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem ágreiningur, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að barn eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við deildarstjóra GSNB Lýsuhólsskóla og/eða foreldra/forráðamenn.

Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags.

8. gr

Nemendur / foreldrar / forráðamenn

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla.

Foreldrum/ forráðamönnum er skylt að láta bifreiðastjóra vita tímanlega ef nemandi forfallast og þarf ekki á skólaakstri að halda.

Nemendur skuli vera tilbúnir til að fara upp í skólabifreið þegar hún kemur á morgnana.

Neysla sælgætis og gosdrykkja í skólabifreiðum er óheimil nema með leyfi bifreiðastjóra. Neysla tóbaks, orkudrykkja og vímugjafa er með öllu óheimil í skólabifreiðum.

Sýna ber samferðarfólki kurteisi og tillitssemi í skólabifreiðum.

Ef foreldrar/ forráðamenn hafa áhuga á að senda barn sitt sem „gest“ með skólabifreið sem það ferðast ekki alla jafna með, skulu þeir ræða þá fyrirætlan við skólabifreiðastjóra og fá samþykki hans fyrir aukafarþega. Einnig skulu þeir ræða það við skólabílstjóra sérstaklega ef nemandi hyggst fara úr skólabifreiðinni á öðrum stað en heimili sínu, svo sem sem gestur á annað heimili á sömu akstursleið.

9.gr.

Fatlaðir nemendur

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðapjónustu til og frá skóla, skv. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

Fylgiskjal 1.

Rökstuðningur með tillögu að reglum um skólaakstur í Snæfellsbæ fyrir skólahverfi Grunnskóla Snæfellsbæjar - Lýsuhólsskóla.

Samkvæmt svari frá bæjarritara Snæfellsbæjar þann 19. Janúar 2021 eru ekki til neinar reglur um skólaakstur í Snæfellsbæ. Sú tillaga sem hér er sett fram varðandi reglur um skólaakstur í skólahverfi Lýsuhólsskóla eru gerðar til að uppfylla 3. gr Reglna nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla.

Þar segir:

3. gr. Fyrirkomulag - akstursáætlun.

Sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn skólanefndar, reglur um fyrirkomulag skólaaksturs er taki m.a. mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, aldri þeirra, samsetningu nemendahóps og umhverfis-aðstæðum. Sveitarstjórn er heimilt að skipuleggja akstursleiðir skólabifreiða með tilliti til staðsetningar skóla í sveitarfélaginu. Skólanefnd skal fyrir upphaf hvers skólaárs birta endurskoðaða áætlun um skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráðum og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg.

Eftirfarandi gögn vísa til hvernar greinar í tillögunni með rökstuðningi fyrir þeim þáttum sem kveðið er á um hverju sinni út frá þörfum nemenda í skólahverfi GSNB -Lýsuhólsskóla

1. gr. – Gildissvið

Við gerð þessara reglna var tekið mið af lögum og reglum um grunnskóla og skólaakstur. Auk þess sem horft var til sambærilegra reglna sem settar hafa verið um skólaakstur hjá ýmsum sveitarfélögum víða um land.

Það sem helst var haft til hliðsjónar í lögum og reglum voru eftirfarandi atriði:

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

22.gr- Skólaakstur. Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga (656/2009). Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

Reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009

1.gr – 2. mgr. Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi.

2.gr -1. mgr. Sveitarfélög bera kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3.gr- 1. mgr. Sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn skólanefndar, reglur um fyrirkomulag skólaaksturs er taki m.a. mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, aldri þeirra, samsetningu nemendahóps og umhverfisaðstæðum. Sveitarstjórn er heimilt að skipuleggja akstursleiðir skólalífis með tilliti til staðsetningar skóla í sveitarfélaginu.

4.gr- 1. mgr. Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla.

4.gr- 2. mgr. Séu umhverfisaðstæður með þeim hætti að ekki er ástæða til að óttast um öryggi og velferð nemenda er heimilt að skipuleggja skólaakstur með þeim hætti að skólalífis aki samkvæmt áætlun og stöðvi á tilgreindum biðstöðvum.

2. gr. Ábyrgð

Almenn grein í samskonar reglum annarra sveitarfélaga, þarf ekki rökstuðning.

3. gr. Fyrirkomulag skólaaksturs

Hér eru almenn efni um útboð og fyrirkomulag skólaaksturs.

Það sem er sérstakt í þessari grein er að kveðið er á um að samráð sé haft við foreldrafélag GSNB - Lýsuhólsskóla við áætlunargerð skólaaksturs ár hvert. Ekki er ætlast til þess að Foreldrafélagið hafi úrslitavald þar, en þar sem að í Fræðslunefnd Snæfellsbæjar eru engir nefndarmenn sem hafa búsetu sunnan heiðar, þá teljum við aðkomu foreldrafélagsins mikilvæga til að koma með innsýn varðandi aðstæður og þarfir nemenda í því skólalífis sem unnið er með á þessu svæði.

4. gr. Um skipulag skólaaksturs

Lögð er fram sú tillaga að allir nemendur séu sóttir að heimili sínu að morgni og skilað aftur að heimili sínu að skóladegi loknum. Vegna umhverfisaðstæðna og með hliðsjón af öryggi og velferð nemenda er talin þörf á því að upphaf og endir skólaaksturs sé alveg við heimili nemenda. Aðstæður í dreifbýli eru með þeim hætti að hvergi hafa verið byggðir upp göngustígar, götulýsing eða skipulögð vetrarþjónusta

vegna snjómoksturs og hálkuvarna, þannig að ekki er hægt að ætla börnum að ganga í og úr skólabíl um ólíkar vegalengdir í mismunandi aðstæðum.

Einnig er hér um að ræða nemendur allt niður í 6 ára bekk sem sóttir eru á heimili sitt og koma heim með skólabíl þegar er almennur dagvinnutími og ekki hægt að tryggja að foreldri geti fylgt eða komið til móts við börnin á þessum tíma.

5. gr. Réttur til skólaaksturs

Í þessum reglum er sett fram sú tillaga að öll börn í Lýsuhólsskóla eigi rétt á skólaakstri til og frá skóla. Sé litið til þeirra viðmiða sem Snæfellsbær hefur nú um rétt til skólaaksturs þá er miðað við að allir þeir sem búa í innan við 3.0 km. fjarlægð frá skólanum hafi ekki rétt á skólaakstri – og er það viðmið tekið úr reglum um greiðslur úr Jöfnunarsjóði Sveitarfélaganna. Í skólahverfi GSNB - Lýsuhólsskóla eru nú þrjú lögbýli sem falla innan þessara lengdarmarka. Við teljum það vera mikla mismunun við börnin og íbúa í Snæfellsbæ að þau börn sem búa á þessum bæjum fái ekki skólaakstur eins og aðrir nemendur. Ekki er hægt að ætla sumum en ekki öðrum foreldrum/ forráðamönnum að koma börnum sínum í skólann á eigin vegum, eins og fram hefur komið er ekki forsvaranlegt að ætla börnum að ganga í og úr skóla í þeim aðstæðum sem um er að ræða.

Rökstuðningur:

- Forsendan sem Snæfellsbær ber fyrir sig um þessa 3 km. reglu kemur úr reglum Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaganna um niðurgreiðslu á skólaakstri í dreifbýli. Við teljum vera mikla mistúlkun á þeim reglum að ætlast til þess að það sé viðmið um rétt til skólaaksturs almennt. Jöfnunarsjóður er ætlaður til að koma til móts við sveitarfélög vegna kostnaðar við skólaakstur en ekki vera forsenda þess. Sveitarfélagið fær niðurgreitt fyrir þau börn sem koma lengst að en ber jafnframt ábyrgð á að koma öllum börnum í skólann til þess að tryggja jafnan aðgang að menntun: *Reglur um skólaakstur í grunnskóla 656/2009 1.gr – 2. mgr.* Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi.
- Vegna umhverfisaðstæðna og öryggis þá teljum við mikla þörf á því að öllum börnum sé komið öruggum í skólann með skólabíl. Einbreiður vegur með mætingaútskotum er alla leið að skólanum frá Þjóðvegi, fara þarf yfir á um einbreiða brú, auk þess sem engin veglýsing er og engir göngustígar eða gangstéttir, né snjómokstur eða hálkuvarnir á þessari leið. Lýsuhólsskóli er staðsettur við Lýsuskarð milli Lýsuhyrnu og Ánahyrnu. Veðurskilyrði á því svæði eru oft með því móti að mjög vindasamt og snjókóf er við skólann.
- Fyrir utan að jafna rétt, gæta öryggis og taka tillit til aðstæðna, þá má einnig líta til umhverfisáhrifa þess að láta íbúa í skólahverfi GSNB - Lýsuhólsskóla keyra hver á eftir öðrum með börn í skóla á eftir skólabílum.
- Skólinn er stærsti vinnustaðurinn á svæðinu og því væri einnig hægt að ná mikilli hagræðingu og minnka kolefnisspor með sameiginlegum akstri allra grunnskólabarna, og með því að taka einnig leikskólabörn í skólaakstur og bjóða starfsmönnum uppá að nýta sér skólabílinn.

6. gr til 9.gr

Eru allar almenns efnis samsvarandi reglugerða annarra sveitarfélaga og þurfa ekki frekari útskýringa eða rökstuðnings hér.

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@syslumenn.is>
Sent: fimmtudagur, 28. janúar 2021 13:36
To: 'Heilbrigdiseftirlit Vesturlands'; 'vinnueftirlit@ver.is'; Kristinn Jónasson; Davíð Viðarsson; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is'; 'vesturland@logreglan.is'
Subject: Umsagnarb. rek. G.II-North Star Apartments Rif, Hafnargata 11, Rifi, 360 Hellissandur
Attachments: Ums.b.rek.G.II-North Star Apartments Rif,Hafnargata 11,Rif,360 H.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Welcome Iceland ehf kt.500714-0690, um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili, sem rekið verður sem North Star Apartments Rif, að Hafnargötu 11 (F2321156), Rifi 360 Hellissandi. Um er að ræða nýjan rekstur og rekstraraðila þar sem North Star apartments ehf kt.530813-0880 hafði áður rekstrarleyfi LG-REK-014349 vegna North Star Apartments, sem gefið var út ótímabundið 13.3.2019.

Hjálagt fylgir umsóknin ásamt teikningum og umsagnarbeiðni.

Óskað er umsagnar viðtakenda þessa pósts.

kveðja
Daðey.

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs
Sýslumaðurinn á Vesturlandi - Akranesi
sími 458 2352
dadey@syslumenn.is



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Umsagnaraðilar
skv. 4. mgr. 10.gr. laga nr. 85/2007
og 1. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016

Akranesi, 28. janúar 2021


North Star Apartments Rif – Hafnargata 11 (F2321156), Rifi, 360 Hellissandur

Welcome Iceland ehf kt.500714-0690 hefur sótt um leyfi til þess að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, sem rekið verður sem North Star Apartments Rif, að Hafnargötu 11 (F2321156), 360 Hellissandur.

Um er að ræða nýjan rekstraraðila þar sem North Star apartments ehf kt.530813-0880 hafði áður rekstrarleyfi LG-REK-014349 vegna North Star Apartments sem gefið var út ótímabundið frá 13.3.2019.

Umsóknin ásamt teikningum fylgir hér með.

Hér með er óskað umsagna neðangreindra aðila skv. fyrirmælum 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsagna er óskað eigi síðar en **15. mars** n.k. sbr. 2. mgr. 26.gr. rgl. 1277/2016 en þar segir; „Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar **eigi síðar en 45 dögum** frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi“ .


Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrímel 3, 301 Akranes eftirlit@hev.is

Vinnueftirlit ríkisins vinnueftirlit@ver.is

Snæfellsbær, bæjarstjóri
Kristinn Jónasson, kristinn@snb.is

Snæfellsbær, skipulag-og byggingafulltrúi
Davíð Viðarsson, david@snb.is

Slökkvilið Snæfellsbæjar
slökkvilid@snb.is; snæfellsbaer@eldvarnaeftirlit.is

Lögreglustjórinn á Vesturlandi vesturland@logreglan.is



SÝSLUMENN

Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

Sýslumaðurinn á Vesturlandi



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð


Umsækjandi:		
Nafn einstaklings eða lögaðila: Welcome Iceland	Kennitala: 5007140690	Netfang: stefan@welcome.is
Heimilsfang: Bíldshöfði 12	Póstnúmer og staður: 110 Reykjavík	Sími / Símar: 8980187/4871212
Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 137851		

Forsvarsmáður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):		
Fullt nafn: Stefán Aðalsteinsson	Kennitala: 2905775439	Netfang: stefan@welcome.is
Lögheimili: Lambastekkur 3	Póstnúmer og staður: 109 Reykjavík	Sími / Símar: 8980187

Upplýsingar um gististað:			
Heiti gististaðar: North Star Apartments Rif	Netfang: stefan@welcome.is		
Heimilsfang (starfsstöð): Hafnargata 11 Rífi	Póstnúmer og staður: 360 Hellisandur	Sími / Símar: 4871212	
Fasteignanúmer: <i>F2321156</i>	Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): 1-2		
Er sótt um leyfi til útteitinga?	Já: <input type="radio"/>	Nei: <input checked="" type="radio"/>	Fjöldi gesta: 45 <i>26</i>
Afgreiðslutími áfengis (ef við á):	Virka daga frá kl:	til kl:	Aðfaranætur frídaga frá kl:] til kl:
Afgreiðslutími útteitinga (ef við á):	Virka daga frá kl:	til kl:	Aðfaranætur frídaga frá kl: til kl:

Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfir fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).		
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur II	Gististaður án veitinga.	kr. 32.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur III	Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.	kr. 40.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur IV	Gististaður með áfengisveitingum.	kr. 263.000.-

Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.		
<input type="checkbox"/> A	Hótel	Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi.
<input checked="" type="checkbox"/> B	Stærra gistiheimili	Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
<input type="checkbox"/> C	Mínna gistiheimili	Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
<input type="checkbox"/> D	Gistiskáli	Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).
<input type="checkbox"/> E	Fjallaskálar	Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.
<input type="checkbox"/> F	Íbúðir	Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagsamtaka eru undanskildar.
<input type="checkbox"/> G	Frístundahús	Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagsamtaka, svo sem stéttarféлага og starfsgreinafélaga, eru undanskilin.

<p>Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna. Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirvari lögaðila.</p>	
<p>Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:</p>	<p>Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:</p>
<p>a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar. b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda. c) Vottorð um búsföræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess. d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri. e) Sakavottorð forsvarsmanns. f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum. g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans. h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu. i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis. j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.</p>	<p>a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar. b) Búsetuvottorð. c) Vottorð um búsföræði. d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri. e) Sakavottorð. f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum. g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu. h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu. i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis. j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.</p>
<p>Athugasemdir umsækjanda:</p> <p>Hafnargata 11 Rífi, fastanr: F2321156 Fjöldi gesta í gistingu 2 26</p> <p><i>Óskað eftir bráðumhingsunaleyfi á grundvelli eldru leyfis.</i></p>	
<p>Staðfesting:</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.</p>	
<p>Undirskrift:</p>	
<p>Staður og dagsetning:</p> <p>27 Janúar 2021</p>	<p>Undirskrift umsækjanda:</p> 
<p>Staður og dagsetning</p>	<p>Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda:</p>
Leigugjald er innheimt einu sinni á ári, fyrirfram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið, einungis eru endurgreiddir heilir, óhafnir mánuðir. Leigutaki fær ekki aðgang að svæðinu skuldi hann leigu. Svæðið er ekki vaktað og eru gámar og ílát á geymslusvæðinu í grjótnámunni við Rif alfarið á ábyrgð eigenda. Hafi gámar eða ílát ekki verið sóttir innan 2ja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall hefur orðið, áskilur leigusali sér rétt til að selja viðkomandi lausafjarmuni fyrir áföllnum kostnaði.

Ársleiguverð er skv. Gjaldskrá Snæfellsbæjar fyrir byggingarleyfis-, þjónustu-, og framkvæmdaleyfisgjöld.

Tæknideild Snæfellsbæjar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskránni. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr.

Umgengni, útlit og aðstaða

Gámar á geymslusvæðinu skulu vera snyrtilegir og málaðir. Óheimilt er að geyma hluti ofan á gámum sem eru á svæðinu. Heimilt er að synja um geymslu gáma sem ekki uppfylla kröfur skv. þessari grein.

Geymsla er einnig heimiluð á öðrum lausafjármunum en þeir skulu vera í samþykktum ílátum. Starfsmenn tæknideildar Snæfellsbæjar samþykkja ílát eða hafna þeim.

Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu. Svæðið er eingöngu geymslusvæði en ekki vinnusvæði.

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim lausafjármunum sem hann geymir á svæðinu. Leigutaki þarf að ganga þannig frá að ekki skapist slysa- eða fokhætta. Leigutaki ber alla ábyrgð á þeim skemmdum sem lausafjármunir á vegum hans valda.

Hlutir og búnaður sem eru geymdir á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á berist um svæðið og umhverfi þess. Geymsla spilliefna á svæðinu er með öllu óheimil.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og gæta að því að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðum þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæðisins við brottför. Leigutaki skal skila sínu svæði í sama ásigkomulagi og við afhendingu.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru fyrir geymslusvæði í grjótnámu við Rif fyrir fyrirtæki og rekstraraðila og taka gildi frá x.x 2021. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.

Brot á ofangreindu varða ákvæði í 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar xx.xx.2020

Samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsfndar 21. janúar. 2021



Reglur um tölvupóst og netnotkun

1. Almenn atriði

Í reglum þessum er farið yfir hvernig starfsmenn Snæfellsbæjar og stofnana sveitarfélagsins skulu umgangast tölvupóst og internetið.

Markmið með reglum þessum er að tryggja eignarrétt Snæfellsbæjar á tölvupósti sem er sendur eða mótttekinn um lén sveitarfélagsins, ákveða aðgengi og umgengni starfsmanna og skýra réttarstöðu þeirra varðandi meðferð á tölvupósti, annars vegar starfstengdum tölvupósti og hins vegar einkatölvupósti.

Reglunum er ætlað að vera grunnreglur um hvað telst ásættanleg og óásættanleg notkun starfsmanna á tölvupósti og hvaða heimildir sveitarfélagið hefur til að skoða tölvupóst starfsmanna í sérstökum tilfellum. Þá er einnig markmiðið að tryggja upplýsingaöryggi tölvukerfa Snæfellsbæjar. Nauðsynlegt er að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þessa öryggisþátta.

Það er hlutverk hvers starfsmanns að tryggja að tölvupóstur og netnotkun sé á eðlilegum forsendum í þágu sveitarfélagsins þannig að öryggis og trúnaðar sé gætt og að viðkvæmar upplýsingar komist ekki í hendur óviðkomandi.

2. Skilgreiningar

Einkatölvupóstur: er í reglum þessum notað yfir tölvupóst sem lýtur einungis að einkamálefnum starfsmanns en varðar hvorki hagsmuni né starfsemi Snæfellsbæjar en er sendur eða mótttekinn um lén sveitarfélagsins.

Lén: eru auðkenni netþjóna, sem notuð eru í stað vistfangs sem mönnum er ekki tamt að muna. Til þess að sækja eða senda gögn yfir net til ákveðinnar tölvu þarf notandinn að þekkja vistfang þeirrar vélar.

3. Eignaréttur á tölvupósti

Tölvupóstur sem búinn er til, sendur og mótttekinn um lén Snæfellsbæjar er eign sveitarfélagsins.

4. Aðgangs- og lykilorð

Allir starfsmenn sveitarfélagsins sem stofnaðir eru í tölvupóstkerfi fá úthlutað aðgangs- og lykilorð. Starfsmenn skulu tryggja að enginn annar hafi vitneskju um aðgangs- og lykilorð þeirra. Aðgangs- og lykilorð skulu aldrei lánuð öðrum eða geymd þannig að þau geti komist í hendur óviðkomandi aðila.

5. Notkun á tölvupósti

Starfsmönnum skal vera heimilt að nota tölvupóstkerfi sveitarfélagsins í eigin þágu, hér skilgreint sem einkatölvupóstur. Ef starfsmaður notar tölvupóstfang sitt hjá Snæfellsbæ til einkanota er mælt til þess að starfsmaður varðveiti slíkan tölvupóst í sérstakri möppu sem auðkennd er sem einkamál. Þrátt fyrir framangreint hvetur Snæfellsbær starfsmenn til að nýta sér aðrar lausnir í einkaerindum og áréttar rétt sinn til að skoða innihald tölvupósts sem ekki er sérstaklega merktur sem einkapóstur eða varðveittur í sérstakri möppu sem auðkennd er eða augljóst að um einkamál sé að ræða, sjá nánar gr. 6.2.

Starfsmenn skulu vanda frágang tölvupósts, stafsetningu og málfar. Gæta skal þess að tölvupóstur sé orðaður af kurteisi og fagmennsku og hafa í huga að sá sem fær tölvupóstin getur sent hann áfram.

Sé starfsmaður fjarverandi um tíma skal gera ráðstafanir til að tölvupóstur liggi ekki óafgreiddur.

Starfsmenn skulu umgangast trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. persónuupplýsingar í tölvupóstsendingum í samræmi við trúnaðarheit sinn, upplýsingaöryggisstefnu og persónuverndarstefnu sveitarfélagsins. Hafa skal í huga að rafræn samskipti eru ekki með öllu örugg og að oft henti tölvupóstur ekki fyrir viðkvæm gögn eða trúnaðarupplýsingar. Almennt er starfsmönnum því óheimilt að nota tölvupóst við miðlun á efni, skjölum og skráum sem hafa að geyma óvarðar viðkvæmar persónuupplýsingar. Um miðlun á viðkvæmum persónuupplýsingum gildir sú grundvallarregla að nota skuli tæknilegar lausnir sem tryggja fullnægjandi öryggi þeirra. Verði ekki hjá því komist að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum í tölvupósti skal fylgja leiðbeiningum Snæfellsbæjar um læsinga skjala með lykilorði.¹ Þegar efni standa til skal að öðru leyti dulkóða tölvupóstsendingar þegar svo á við.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir við útsendingu fjöldaþosta og annarra tölvupósta sem ætlaðir eru fleiri en einum viðtakanda svo netföng viðkomenda verði ekki sýnileg þeirra á milli, s.s. með því að senda slíka tölvupósta sem blind afrit (blind carbon copy; eða bcc).

Vegna þeirrar hættu að tölvupóstur berist í rangar hendur skal allur útsendur tölvupóstur sveitarfélagsins hafa að geyma tilvísun í staðlaðan fyrirvara og leiðbeiningar um meðferð tölvupósts sem berst röngum móttakanda.

Eftirfarandi tölvupóstsnotkun er starfsmönnum óheimil:

- Að auðkenna eða vista starfstengdan tölvupóst þannig að ætla megi að um einkatölvupóst starfsmanns sé að ræða.
- Að nota sjálfvirka áframsendingu tölvupósts úr tölvupóstkerfi sveitarfélagsins, t.d. á einkatölvupóstfang starfsmanns hjá netþjónustuaðila, nema slíkt sé gert með leyfi viðkomandi forstöðumanns og bæjarstjóra.
- Að senda efni sem er ólöglegt, ósiðlegt, illgjarnt, hótandi, hrottafengið, ærumeiðandi, hatursfullt, hvetur til ólöglegs athæfis eða getur gefið tilefni til skaðabótakröfu á

¹ Leiðbeiningar Snæfellsbæjar um læsingu skjala með lykilorði.

hendur Snæfellsbæ. Þetta gildir bæði um efni tölvupósts og efni viðhengja. Sama á við um notkun efnis sem hætta er á að geti verið vírussmitað.

- Að opna tölvupóst með viðhengi frá óþekktum sendanda eða að opna viðhengi með tölvupósti sem auðkennd eru með endingunum .exe, .vba, .sit eða .zip nema þeir séu þess fyrirfram fullvissir að slíkt sé óhætt.
- Að nota tölvupóst við miðlun á efni, skjölum eða skráum sem inniheldur óvarðar viðkvæmar persónuupplýsingar.

6. Skoðun tölvupósts og netnotkunar

6.1 Skoðun starfstengds tölvupósts

Tölvupóst sem vistaður er á vinnusvæði starfsmanns, og ekki telst vera einkatölvupóstur, má skoða ef:

- Nauðsyn ber til vegna lögmætra hagsmuna sveitarfélagsins, s.s. til að finna gögn þegar starfsmaður er forfallaður, hefur látið af störfum eða grunur hefur vaknað um misnotkun eða brot í starfi.
- Nauðsyn ber til vegna tilfallandi atvika, s.s. ef endurbætur, viðhald á tölvukerfum eða eftirlit með þeim leiða óhjákvæmilega til þess að tölvupóstur opnast eða þarf að opna.

Skoðun á tölvupósti skv. framangreindu má aðeins framkvæma að fyrirmælum bæjarstjóra, en kappkostað skal að leita eftir samþykki viðkomandi starfsmanns og veita honum kost á að vera viðstaddur skoðunina. Þetta á þó ekki við ef brýnir hagsmunir mæli gegn því að beðið sé eftir starfsmanni, s.s. þegar um er að ræða alvarlega bilun í tölvukerfinu, og ekki verði talið að einkalífshagsmunir starfsmanns vegi þyngra. Ríki vafi um hvorir hagsmunir vegi þyngra má ekki skoða tölvupóstinn nema starfsmanni hafi fyrst verið veittur kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Starfsmaður á rétt á vitneskju um hver eða hverjir hafa skoðað tölvupóst hans.

6.2 Skoðun einkatölvupósts

Óheimilt er að skoða einkatölvupóst starfsmanna. Til viðmiðunar um hvort um slíkan póst sé að ræða skal m.a. litið til þess hvort hann sé:

- Auðkenndur sem einkamál í efnislínu (e. subject), eða að öðru leyti þannig að augljóst sé að einungis sé um einkamálefni er að ræða.
- Vistaður í sérstakri möppu (e. folder) á vinnusvæði starfsmanns í tölvupóstkerfinu sem er auðkennd þannig eða ef af öðru má ráða að um einkamál sé að ræða.
- Að öðru leyti þannig úr garði gerður að hann varði augljóslega einkamálefni.

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að skoða einkatölvupóst starfsmanna ef brýna nauðsyn ber til, s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks. Slíka skoðun má aðeins framkvæma að fyrirmælum bæjarstjóra. Ávallt skal þó fyrst leita eftir samþykki starfsmanns ef þess er kostur. Enda þótt starfsmaður neiti að veita slíkt samþykki skal veita honum færi á að vera viðstaddur skoðunina. Geti starfsmaður ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað. Ef ekki reynist unnt að gera starfsmanni viðvart um skoðunina fyrirfram skal honum gerð grein fyrir henni strax og hægt er. Starfsmaður á rétt á vitneskju um hver eða hverjir hafa skoðað einkatölvupóst hans.

6.3 Skoðun netnotkunar

Óheimilt er að skoða upplýsingar um netnotkun starfsmanns nema fyrir liggi rökstuddur grunur um að starfsmaður hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum. Sé tilefni skoðunar grunur um refsiverðan verknað skal óska atbeina lögreglu.

7. Meðferð tölvupósts við starfslok

Þegar starfsmaður lætur af störfum skal pósthólfí hans lokað án tafar og eigi síðar en að tveimur vikum liðnum, nema samkomulag sé um annað. Næsti yfirmaður ber ábyrgð á því að tilkynna um starfslok starfsmanns til bæjarritara svo unnt sé að loka fyrir aðgang viðkomandi að tölvupóstkerfi sveitarfélagsins.

Starfsmaður skal eyða einkatölvupósti sínum þegar hann lætur af störfum. Geri hann það ekki verður slíkum pósti eytt einum mánuði eftir að starfsmaður hefur látið af störfum. Sjálfsagt er að starfsmaður fái afrit af einkatölvupósti sínum og skal næsti yfirmaður afla skriflegrar staðfestingar starfsmanns að honum hafi verið veittur sá kostur. Allur tölvupóstur sem eftir situr í pósthólfí starfsmanns er eign sveitarfélagsins sem eftir atvikum kann að settur í ferli hjá eftirmanni starfsmanns eða felldur í mála- og skjalakerfi.

Við starfslok skal óheimilt að framsenda tölvupóst úr netfangi viðkomandi starfsmanns á netfang yfirmanns eða annarra starfsmanna. Í staðinn skal senda tilkynningu um að móttakandi sé hættur störfum og gefa upp almennt netfang sveitarfélagsins eða netfang þess starfsmanns, sem tók yfir starfsskyldur þess sem lét af störfum. Í tilkynningu skal standa:

Viðkomandi starfsmaður hefur látið af störfum. Vinsamlegast hafðu samband við okkur snb@snb.is eða í síma +354 433 6900.

The employee you were trying to reach has left the institution. Please direct your enquiry to snb@snb.is or call +354 433 6900.

Ekki skal heimilt að taka netfang þess sem lét af störfum aftur í notkun nema starfsmaður komi aftur til starfa.

8. Varðveisla tölvupósts og upplýsingar um netnotkun

Allur tölvupóstur sem sendur er úr tölvupóstkerfi Snæfellsbæjar eða móttækinn, vistast sjálfkrafa. Hann skal í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu sveitarfélagsins, afrita eins og hver önnur gögn.

Upplýsingar um netnotkun starfsmanna varðveitist bæði á netþjóni sveitarfélagsins og í vafra tölvu hvers starfsmanns.

Tryggja skal að upplýsingar um tölvupóst-, og eftir atvikum netnotkun, séu varðveittar með tryggum hætti þannig að einungis bæjarstjóri, kerfisstjóri og viðkomandi starfsmaður hafi aðgang að þeim.

Snæfellsbær og stofnanir sveitarfélagsins eru afhendingarskyldir aðilar á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Starfsmönnum er þar með óheimilt að farga eða eyða starfstengdum tölvupósti sem hefur að geyma afhendingarskyld skjöl eða gögn nema þau hafi þá þegar verið vistuð í skjalavistunarkerfi viðkomandi stofnunar.

Óheimilt er að gera ráðstafanir til að varðveita upplýsingar um netnotkun starfsmanna eftir starfslok. Að öðru leyti fer um varðveislu eftir 8. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

9. Starfsmenn upplýsingatæknimála

Starfsmenn upplýsingatæknimála hafa víðtækan aðgang að gögnum starfa sinna vegna. Þeim ber að virða trúnað í hvívetna og er alfarið óheimilt að kynna sér gögn og upplýsingar sem falla utan verksviðs þeirra.

Starfsmönnum upplýsingatæknimála og þjónustuaðilum sem annast rekstur tölvukerfa sveitarfélagsins, þ.á.m. tölvupóstkerfis og búnaðar til að tengjast internetinu, er með öllu óheimilt að notfæra sér þekkingu sína og aðstöðu til að tengjast tölvukerfunum undir notendaheiti og lykilorði annarra starfsmanna, fara framhjá aðgangsstýringu, opna og lesa tölvupóst sem þeir komast yfir við rekstur og viðhald tölvukerfisins. Þetta á m.a. við þegar þeir aðstoða einstaka starfsmenn, sbr. þó undantekningarákvæði 6.1 og 6.2. Hið sama gildir um skoðun hvers kyns upplýsinga sem kunna að varðveitast í tölvukerfi sveitarfélagsins um netnotkun starfsmanna og önnur persónuleg gögn þeirra.

10. Kynning og birting reglna

Starfsmanni skulu kynntar reglur þessar og tryggja að þær séu honum ávallt aðgengilegar.

Kynna skal væntanlegum starfsmanni reglur þessar áður en hann undirritar ráðningarsamning.

Ráðningarsamningurinn skal bera með sér að viðkomandi hafi kynnt sér efni reglnanna.

Þjónustuaðilum sem annast rekstur tölvukerfa sveitarfélagsins, þ.á.m. tölvupóstkerfis og búnaðar til að tengjast internetinu, skulu birt sérstaklega ákvæði 8. og 9. gr. reglnanna. Skulu ákvæðin, ásamt öðrum ákvæðum þessara reglna eftir því sem við á, vera hluti af sérhverjum samningi sem Snæfellsbær gerir við slíka þjónustuaðila.

11. Eftirlit

Eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt er í höndum bæjarstjóra Snæfellsbæjar eða þess sem hann felur slíkt eftirlit sérstaklega og skal vera í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Ef eftirlit er falið öðrum skal það sérstaklega tilkynnt starfsmönnum sveitarfélagsins.

Upplýsingar sem aflað er vegna eftirlits með reglum þessum má eingöngu nota í þágu eftirlitsins. Þær má ekki afhenda öðrum, vinna frekar eða geyma nema með samþykki starfsmanns. Það er heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um meintan refsiverðan verknað en þá skal gæta þess að eya öðrum eintökum nema lögvarðir hagsmunir standi til annars. Áfram verður heimilt að varðveita efni í kerfisbundnum afritum. Þá er heimilt að nota gögn til að afmarka, setja fram eða verja réttarkröfu vegna dómsmála og annarra brynna hagsmuna, t.d. í tengslum við brottvikningu úr starfi.

Sá sem sætt hefur eftirliti samkvæmt framangreindu á rétt á að skoða þau gögn sem aflað er um hann í tengslum við eftirlitið. Þegar beiðni um slíkt berst skal afgreiða hana svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en innan 14 daga

12. Viðurlög

Brot gegn þessum reglum, líkt og önnur brot í starfi, geta leitt til áminningar og ef um endurtekín eða alvarleg brot er að ræða, brottvikningu úr starfi.

Ef grunur vaknar um að brotið hafi verið gegn þessum reglum skal tilkynna það til næsta yfirmanns eða forstöðumanns sem ákvarðar um framhald málsins.

13. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. febrúar 2021 og taka þegar gildi.

Endurskoða skal þessar reglur eftir því sem þörf krefur, þó ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Reglur þessar eru settar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, auglýsingu Persónuverndar um leiðbeiningar varðandi eftirlit vinnuveitanda með tölvupósts- og netnotkun starfsmanna nr. 1001/2001 og reglur Persónuverndar nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

Hjúkrunarheimilið Jaðar, Snæfellsbæ

Greining á rekstri



Skýrsla þessi var unnin að beiðni bæjarstjóra Snæfellsbæjar.

Nóvember2020 -janúar 2021

Harpa Gunnarsdóttir

Hjúkrunarheimilið Jaðar, Snæfellsbæ hefur verið rekið af sveitarfélaginu frá árinu 1987.

Á heimilinu eru rekin 12 hjúkrunarrými og 5 dvalarrými. Árið 2010 var tekin í notkun ný viðbygging við eldra heimilið og er stærð þess um 1.700 fm eftir stækkun. Húsnæðið er á tveimur hæðum. Allur aðbúnaður heimilismanna færðist til betri vegar við stækkunina og hefur nú hver heimilismaður rúmgott einstaklingsrými með sér baðherbergi. Í dag eru hjúkrunar- og dvalarrými bæði í nýja og eldri hlutanum, en auk þess eru tvær íbúðir í eldri hlutanum leigðar út til eldri borgara á svæðinu. Á heimilinu er rekið eldhús sem selur mat til þjónustupega í nærumhverfinu, auk þess að sjá um matreiðslu fyrir Jaðar.

Líkt og á öðrum hjúkrunarheimilum landsins hefur rekstur hjúkrunarheimilisins Jaðars verið þungur undanfarin ár og á árinu 2020 hefur róðurinn þyngst enn frekar.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að hafa þjónustu við elstu borgara sveitarfélagsins í heimabyggð. Reksturinn þarf þó að standa undir sér að mestu leiti og er sveitarfélagið ekki í stakk búið að taka á sig viðvarandi og vaxandi taprekstur.

Samningur er á milli SÍ og Snæfellsbæjar um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Í samningnum er skilgreint hvaða þjónustu skuli veita og hvernig daggjald vegna hjúkrunar- og dvalarrýma reiknast. Einnig er skilgreint húsnæðisgjald fyrir rekstur húsnæðis og sérstakt smæðarálag sem greitt er til hjúkrunarheimila sem eru með 60 rými eða færri.

Tilgangurinn með þessari skýrslu er að rýna í rekstrartölur hjúkrunarheimilisins og greina hvernig rekstrinum er háttað í dag og reyna að koma auga á umbótartækifæri til hagkvæmari rekstrar. Einnig að bera saman hlutföll og kostnað við viðmið Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) sem er samningsaðili vegna rekstrarins.

Rekstraráætlun ársins 2020 hljóðar uppá rúmar 5 milljónir króna tap, án afskrifta og fjármagnskostnaðar. Staðan eftir 9 mánaða rekstur er rúmlega 15 milljóna tap, án afskrifta og fjármagnskostnaðar.

Stærstu áhrifaþættir í rekstri hjúkrunarheimila eru annars vegar nýting rýma og hins vegar launakostnaður vegna þjónustunnar. Þegar um minnstu hjúkrunarheimilin er að ræða er reksturinn sérstaklega viðkvæmur þar sem lágmarksmönnun þarf að vera til að tryggja öryggi íbúa.

Hjúkrunarþyngd heimilisfólks á Jaðri hefur farið vaxandi á undanförunum árum. SÍ gefur út greiðslustuðul vegna hjúkrunarþyngdar fyrir hvert ár og er hann reiknaður út frá niðurstöðum hjúkrunarþyngdar-mælinga á heimilinu á undangengnu ári. Í október 2020 var hjúkrunarþyngd heimilisins 1,14 sem gefur til kynna enn vaxandi hjúkrunarþyngd á heimilinu.

Jaðar - greiðslustuðull SÍ 2016-2020

2020	2019	2018	2017	2016
1,11	1,06	1,06	0,95	0,97

Aukin hjúkrunarþyngd kallar á meiri þjónustu við heimilisfólk, aukinn mannafla og meiri útgjöld t.d. varðandi hjúkrunarvörur og lyf.

Nýting rýma

Nýting rýma á hjúkrunarheimilinu Jaðri hefur verið yfir 100% undanfarin misseri, bæði í hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum.

Heimilið hefur aðstöðu til að hafa allt að 20 hjúkrunarrými á hverjum tíma og hjálpar það til við að fullnýta heimildina sem heimilið hefur (12 rými). Ef aðstaðan væri fullnýtt fyrir hjúkrunarrými væru ekki rekin dvalarrými eða leigurrými.

Óskað hefur verið eftir því að fjölga hjúkrunarrýmum á heimilinu með því að fá dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými. Ekki hefur fengist heimild til þess nema setja tvö dvalarrými á móti einu hjúkrunarrými sem myndi fækka þeim einstaklingum sem geta notið þjónustu á svæðinu. Af slíkri breytingu hefur því ekki orðið.

Rekstrartekjur

Um 80% af tekjum heimilisins eru daggjöld vegna hjúkrunar – og dvalarrýma, um 8% vegna smæðarálags og 10% vegna húsnæðisgjalds. Um 98% teknanna koma þannig frá Sí. Um 2% eru aðrar tekjur vegna leigu húsnæðis og matarsölu.

Hluti daggjalds fyrir hjúkrunarrými er reiknaður út frá greiðslustuðli Sí, þ.e. hjúkrunarþyngd heimilisins hefur áhrif á upphæð daggjalds ársins.

Daggjöld Jaðars 2020	
Hjúkrunarrými	33.579
Dvalarrými	16.606
Húsnæðisgjald	2.488

Smæðarálag heimilisins er kr. 50.562.- á dag eða 18.455.130.- kr á árinu 2020. Smæðarálagi er ætlað að mæta því óhagræði sem felst í rekstri minni hjúkrunarheimila sem ekki njóta stærðarhagkvæmni.

Daggjöld í hjúkrunar- og dvalarrými eru greidd samkvæmt nýtingu og þar sem nýting á Jaðri er yfir 100% er gert ráð fyrir fullri heimild daggjalda. Húsnæðisgjald er greitt óháð nýtingu.

Rekstrartekjur 2018-2020

	2020			2019		2018
	9 mán raun *	9 mán áætlun	Ársáætlun	Raun	Áætlun	Raun
Daggjöld	132.671.994	127.200.000	169.600.000	164.364.569	160.000.000	
Húsnæðisgjald	11.546.808	10.000.000	13.333.333	15.036.984	11.700.000	
Smæðarálag	13.803.153	8.230.950	11.734.750	11.429.328	10.000.000	
Aðrar tekjur	4.088.017	4.906.550	5.781.917	9.108.275	7.000.000	
	162.109.972	150.337.500	200.450.000	199.939.156	188.700.000	190.897.014

* Daggjaldatekjur reiknaðar miðað við 100% nýtingu

Rekstrartekjur Jaðars jukust um 4,75% á milli árána 2018 og 2019, en áætlanir gera ráð fyrir að þær aukist um innan við 1% á árinu 2020 miðað við rauntölur 2019.

Miðað við að nýting rýma verði 100% yfir árið 2020 verða rekstrartekjur Jaðars rúmar 216 milljónir á árinu. Má því gera ráð fyrir að aukning tekna milli árána 2019 og 2020 verði um 8%.

Rekstrartekjur fyrstu 9 mánuði ársins 2020 eru 11,8 milljónum umfram áætlun, eða 7,83%, fyrir sama

tímabil og er hluti ástæðunnar endurskoðun SÍ á smæðarálagi. Samkvæmt tilkynningu frá SÍ var smæðarálagið endurreiknað og hækkað fyrir árið 2020 og er 5 milljónum hærra en samningar gerðu ráð fyrir.

Á heimilinu eru 5 dvalarrými og er daggjaldið fyrir hvert þeirra 16.606 kr. Daggjald hjúkrunarrýma er 16.973 kr hærra eða 33.579 kr á dag. Þjónusta við dvalarrýmin er svipuð á heimilinu og við hjúkrunarrýmin og kostnaður því svipaður við rekstur þessara rýma. Ef heimilið fengi hjúkrunardaggjald fyrir dvalarrýmin 5 hefðu tekjur fyrstu 9 mánuði ársins 2020 verið hærri um 23,2 milljónir kr og um 31 milljón kr miðað við heilt ár.

Rekstrargjöld

Launakostnaður

Samkvæmt gögnum SÍ er gert ráð fyrir að 80% af daggjöldum vegna hjúkrunar- og dvalarrýma standi undir launakostnaði, þar með talið verktakagreiðslum til heilbrigðisstarfsmanna, og 20% standi undir öðrum rekstrarkostnaði sem snýr að þjónustunni sjálfri. Smæðarálag er ætlað til að bæta minni heimilium upp óhagræði vegna stærðar og verður það því talið með daggjöldum hér.

Daggjöld og smæðarálag fyrir fyrstu 9 mánuði 2020 er samtals kr. 146.475.147.-, sem skiptist þannig: Til að mæta launakostnaði og verktakagreiðslum til heilbrigðisstarfsmanna: kr. 117.180.117.- (80%) Til að mæta öðrum rekstrarkostnaði, án húsnæðiskostnaðar kr. 29.295.030.- (20%)

Samkvæmt 9 mánaða rekstrartölum Jaðars fyrir árið 2020 er launakostnaður með launatengdum gjöldum kr. 136.126.973.- og aðkeypt lækniþjónusta kr. 1.051.671. Samtals launakostnaður fyrir rekstur þjónustu á hjúkrunarheimilinu er því 137,2 milljónir kr. eða 20 milljónum hærri en viðmið SÍ gerir ráð fyrir í launakostnað fyrir tímabilið.

Launakostnaðurinn á tímabilinu er því 93,5% af daggjaldatekjum með smæðarálagi.

Launakostnaður fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2019 var um 114 milljónir króna miðað við sömu forsendur og notaðar eru hér að ofan. Hækkun launakostnaðar milli ára er því um 18%, á meðan hækkun rekstrartekna er áætluð um 8%.

Mönnun

Mönnun er svo til óbreytt milli áranna 2019 og 2020, rúm 14 stöðugildi, sjá töflu yfir mönnun og stöðugildi í fylgiskjali 1. Tilfærsla varð um 0,7 stg frá hópi ófaglærðra yfir í sjúkraliða á árinu 2020.

Starfsemi heimilisins er á tveimur hæðum og þarf að lágmarki 2 stafsmenn á hvora hæð á daginn og kvöldin. Á dagvöktum virka daga er meiri mönnun vegna verkefna sem sinnt er á þeim tíma dags. Nýttar eru styttri vaktir (3 – 6 tíma) með heilum vöktum (8 tímar) á dag og kvöldvöktum alla daga vikunnar. Næturvakt hefur verið mönnuð með einum ófaglærðum starfsmanni með hjúkrunarfæðing eða sjúkraliða á bakvakt. Vegna hjúkrunarþyngdar og aðstæðna á heimilinu á árinu 2020 hefur þurft að bæta við mönnun á næturna á tímabilum, með tilheyrandi viðbótar launakostnaði.

Greiðslur vegna yfirvinnu starfsmanna eru um 1,5 milljón á mánuði án launatengdra gjalda. Ástæða

er til að skoða nánar í hverju þessi yfirvinna liggur og hvort hægt er að finna hagkvæmari leiðir til að mæta verkefnum heimilisins án svo mikillar yfirvinnu.

Í gögnum SÍ er skilgreint hvernig mönnun ætti að skiptast milli fagstétta miðað við þá þjónustu sem samningurinn kveður á um, sjá töflu í fylgiskjali 2. Gera má ráð fyrir að launakostnaður væri enn hærri ef þessar kröfur um fagmönnum væri uppfylltar að fullu.

Húsnæðiskostnaður

Skilgreinig SÍ á húsnæðisgjaldi samkvæmt samningi milli aðila er svohljóðandi: *Húsnæðisgjald tekur til viðhalds, umsjónar, umsýslu, fasteignagjalda og trygginga vegna húsnæðis. Húsnæðisgjaldi er þannig ekki ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiri háttar breytingum og endurbótum á húsnæði.*

Í svo nýlegu húsnæði sem Jaðar er í er eðlilega ekki mikið um viðhaldsverkefni enn sem komið er. Húsnæðisgjald heimilisins er því mun hærri en sá kostnaður sem húsnæðisgjaldið stendur fyrir og á að koma til móts við framtíðar viðhaldspörf.

Húsnæðisgjald/kostnaður 9 m 2020

Húsnæðisgjald	11.546.808
Almenn þjónustukaup	2.068.244
Tryggingar	995.143
Viðhalds og framkvæmdakostn	714.367
Vinna á haldahús	69.067
Fasteignagjöld	3.389.108
Húsnæðiskostnaður	7.235.929
Eftirstöðvar húsnæðisgjalds	4.310.879

Annar kostnaður

Annar kostnaður en læknisþjónusta og húsnæðiskostnaður er 28,1 milljónir kr á fyrstu 9 mánuðum 2020. Þá er búið að taka tillit til þátttöku í sameiginlegum kostnaði sveitarfélagsins uppá rúmar 2 milljónir kr. Sá hluti daggjaldsins með smáðarálagi sem ætlaður er til að mæta öðrum kostnaði (20%) er 29,3 milljónir á tímabilinu og stendur því undir öðrum kostnaði á heimilinu

Bent er á að lyfja- og hjúkrunarvörukostnaður er talsvert yfir áætlun heimilisins og vert að skoða þá kostnaðarliði nánar.

Hjúkrunarvörur voru keyptar fyrir rúmar 4 milljónir kr á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020. Að meðaltali er það kostnaður uppá tæpar 900 kr á dag fyrir hvert rými og eru dvalarrýmin þá meðtalin til jafns við hjúkrunarrýmin. Yfir árið væri hjúkrunarvöru kostnaður að meðaltali rúmar 300.000.- kr yfir árið pr rými.

Lyfjakostnaður fyrstu 9 mánuði ársins 2020 er 6,7 milljónir kr. Að meðaltali er það kostnaður uppá rúmar 1.400 kr á dag fyrir hvert rými og eru dvalarrýmin þar meðtalin til jafns við hjúkrunarrýmin. Yfir árið væri lyfjakostnaður þannig að meðaltali um 520.000 kr pr rými.

Athygli er vakin á fylgiskjali VI með samningi Jaðars við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur heimilisins. Þar segir að hjúkrunarheimili geti sótt um greiðslur úr sérstökum sjóði þegar kostnaður fyrir tiltekinn íbúa hjúkrunarheimilis er óvenju kostnaðarsamur miðað við aðra íbúa. Í skilgreiningum

segir að tekið er tillit til kostnaðar vegna einstaklings, umfram 400.000 kr á almanaksári, fyrir ákveðna liði t.d. vegna lyfseðilsskyldra lyfja sem almennt eru með greiðsluþátttöku hins opinbera.

Eins og getið er um í umfjöllun um húsnæðisgjaldi er því ekki ætlað að mæta stofnkostnaði, afskriftum eða meiriháttar breytingum eða endurbótum á húsnæði.

Í þessari samantekt er því ekki tekið tillit til reiknaðs kostnaðar vegna afskrifta og verðbóta á láni sem fram koma í fjárhagsyfirliti fyrir heimilið.

Samantekt

Grunnatriði í rekstri hjúkrunarheimila er að nýting á rýmum sé góð og launakostnaður við reksturinn sé innan þeirra marka sem daggjöldin setja. Í tilfelli Jaðars eru rýmin fullnýtt en launakostnaður er mun hærri en daggjöld, með smæðarálagi, greiða fyrir. Annar kostnaður er innan þeirra marka sem daggjöld, með smæðarálagi, gefa en vert er að greina vel lyfja- og hjúkrunarvöruskostnað heimilisins. Sérstaklega skoða lyfjakostnaðinn með tilliti til mögulegrar endurgreiðslu frá SÍ skv skilgreiningu á útlagakostnaði.

Þjónusta við dvalarrýmin eru til jafns við þá þjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum heimilisins. Lyfjakostnaður er talinn heldur lægri fyrir dvalarrýmin en hjúkrunarrýmin en hjúkrunarvöru kostnaður talsvert lægri. Miðað við þá þjónustu sem veitt er vaknar spurning um hvort þeir einstaklingar sem eru í dvalarrýmum ættu ekki að vera í hjúkrunarrýmum miðað við þjónsutuþörfina. Ef hjúkrunarrýmis daggjald væri greitt fyrir þau rými sem nú eru skilgreind sem dvalarrými hefðu tekjur fyrstu 9 mánuði ársins verið 23,2 milljónum kr hærri.

Mönnun heimilisins virðist vera haldið í skefjum með styttri vöktum í bland við heilar vaktir á dag og kvöldvöktum alla daga vikunnar. Einn starfsmaður er á næturvöktum með bakvakt hjúkrunarfræðings eða sjúkraliða. Mönnun í eldhúsi er greidd að hluta til með yfirvinnu (helgar). Launakostnaður hækkar um 18% á milli 9 mánaða 2019 og 2020. Æskilegt er að gera greiningu á launakostnaði sérstaklega og greina breytinguna sem verður á milli ára. Einnig að skoða yfirvinnu og álagsgreiðslur t.d. hvort hagkvæmara sé að hafa fasta vakt á næturnar frekar en bakvakt og útköll miðað við hjúkrunarþyngd heimilisins.

Janúar 2021

Harpa Gunnarsdóttir

Fylgiskjal 2

Viðmið um skiptingu starfshópa eftir stéttarfélögum sem notað er sem grundvöllur í útreikningi launakostnaðar í daggjöldum hjúkrunarheimila. Fylgiskjal með rammamningi Sjúkratrygginga Íslands um rekstur hjúkrunarheimila.

Hlutfallsleg skipting launakostnaðar á starfshópa eftir stéttarfélögum á hjúkrunarheimilum

Stéttarfélag	Hlutfallsleg skipting
Efning stéttarfélag	51,75%
Félag matreiðslumanna	4,50%
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	14,49%
Stéttarfélag sjúkrahjálfa	1,40%
Iðjuþjálfafélag Íslands	0,70%
Læknafélag Íslands	0,90%
Sjúkraliðafélag Íslands	16,38%
Starfsmannafélag ríkisstofnana	6,39%
Útgarður, félag háskólamanna	3,50%
Samtals	100,00%



Reykjavík, 19. janúar 2021

R19050155

173

Snæfellsbær

Snæfellsás 2

360 HELLISSANDUR

Vegna kröfu Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Vísað er til bréfs Snæfellsbæjar, dags. 30. nóvember 2020. Í bréfinu er vitnað til áskorunar sem lögð var fyrir og samþykkt á fundi Bæjarráðs Snæfellsbæjar þann 26. nóvember 2020. Í áskoruninni er tekið fram að Bæjarráð Snæfellsbæjar harmi þá stöðu sem upp er komin í málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu fjárhæðar vangreiddra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Að mati ráðsins sé ljóst að ef krafa Reykjavíkurborgar ná fram að ganga muni hún leiða til skerðingar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þar af leiðandi til skertrar þjónustu við íbúa sveitarfélaga. Bæjarráð Snæfellsbæjar skori því á Reykjavíkurborg að draga kröfu sína til baka og leita annarra leiða gagnvart ríkisvaldinu til að ná fram leiðréttingu mála sinna.

Rétt er að halda því til haga að Reykjavíkurborg harmar einnig þá stöðu sem upp er komin, en borgin hefur beint ítrekuðum erindum til ríkisins og oftsinnis boðið upp á samtal vegna málsins en ráðuneytið hefur ítrekað hafnað því. Í kjölfar viðræðna á aðventunni eru þó væntingar til þess að sáttferli sé að hefjast og að það leiði til farsællar niðurstöðu.

Þar sem niðurstaða sáttumleitana hefur ekki ennþá borið ávöxt hefur Reykjavíkurborg höfðað mál á hendur íslenska ríkinu þar sem gerð eru krafa um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019. Verði fallist á greiðsluskyldu í málinu mun það koma í hlut íslenska ríkisins, sem er stefndi í málinu, að greiða dæmda fjárhæð. Jöfnunarsjóður getur ekki átt sjálfstæð réttindi eða borið skyldur vegna skilyrða í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. dómur Hæstaréttar Íslands frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018. Helgast það af því að samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skal sjóðurinn vera í vörslu ráðuneytisins. Þannig liggur fyrir að greiðsluskylda getur ekki hvílt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fallist dómstólar á kröfur Reykjavíkurborgar í málinu.

Reykjavíkurborg hefur orðið þess vör að því hefur verið haldið fram að kröfur borgarinnar beinist að Jöfnunarsjóði en ekki ríkinu. Í því sambandi vill Reykjavíkurborg benda á að samkvæmt óbreyttum lögum er almennt óheimilt að veita tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til annars en úthlutunar framlaga eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, með síðari breytingum. Í ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga er ekki að finna heimild til að greiða kröfu Reykjavíkurborgar af tekjum eða fjármunum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 9. gr. laganna skal tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einvörðungu

ráðstafað til greiðslu bundinna, sérstakra og jöfnunarframlaga, sbr. 10. - 13. gr. laganna. Þannig hefur íslenska ríkið, að óbreyttum lögum, ekki annan ráðstöfunarrétt yfir tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en að tryggja að sjóðurinn úthluti þeim í samræmi við tilvitnað ákvæði 9. gr. laganna.

Mál Reykjavíkurborgar byggist á því að öll sveitarfélög fá sérstakar greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna skólastarfs og kennslu barna af erlendum uppruna – nema Reykjavík. Meðal þeirra sveitarfélaga sem fá slíkar greiðslur eru stór og stöndug sveitarfélög sem sum hver fullnýta ekki sína tekjustofna. Á sama tíma leggur Reykjavík til 11 milljarða á ári inn í Jöfnunarsjóð. Það fjármagn er meðal annars nýtt til að niðurgreiða skólastarf og skatta í sveitarfélögum sem hafa lægri velferðarútgjöld og hærri tekjur en borgin. Um leið og Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemdir við greiðslur í Jöfnunarsjóð, þá snýst þetta mál um ómálefnalegar reglur, án lagastoðar, sem útiloka að borgin sé metin eftir sömu úthlutunarreglum og önnur sveitarfélög. Með öðrum orðum, það eina sem er verið að óska eftir er að borgin sé metin á jafnræðisgrunni við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og um land allt. Borgin er hér fyrst og fremst að gæta hagsmuna Reykvíkinga og hagsmuna skólanna, barnanna í borginni og beinir því kröfu sinni að íslenska ríkinu.

Að lokum skal ítrekað að Reykjavíkurborg hefur freistað þess að ná samkomulagi við íslenska ríkið vegna kröfugerðar sinnar og mun halda áfram að gera það þrátt fyrir málshöfðun. Reykjavíkurborg telur kröfu sína vera málefnalega og réttmæta, enda veitir sveitarfélagið sannarlega þá þjónustu sem umrædd framlög eiga að styðja við. Engum dettur í hug að rétt reiknuð framlög til Snæfellsbæjar séu á kostnað annarra sveitarfélaga. Sömu sjónarmið hljóta að gilda um framlög til Reykjavíkur. Meginatriði hlýtur að vera að þau séu rétt reiknuð og byggi á lögum. Sömuleiðis ættu sveitarfélög að vera samstíga í því að hugsanlegar greiðslur vegna vangoldinna framlaga á umliðnum árum eigi að koma úr ríkissjóði. Því telur Reykjavíkurborg brýnt að sveitarfélög standi með Reykjavíkurborg í málinu þar sem þau eru þá um leið að gæta eigin hagsmuna sem eru sameiginlegir fyrir öll sveitarfélög í landinu gagnvart ríkisvaldinu.

Að öllu óbreyttu verður málið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 28. janúar 2021. Engu að síður lýsti Reykjavíkurborg því yfir að vera eftir sem áður reiðubúin og viljug til viðræðna við íslenska ríkið um hugsanlegar sættir í málinu. Reykjavíkurborg hefur fulla trú á að slíkar viðræður geti skilað árangri og vonast til að ríkið nálgist málið af sama hug.



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, 5. janúar 2021.



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Viðræður um sættir vegna kröfu Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Vísað er til fyrri samskipta og sáttaumleitana milli Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins vegna kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019. Þar sem hvorki náðist samkomulag milli aðila um greiðslu kröfunnar eða viðurkenningu á greiðsluskyldu né frestun málshöfðunar á meðan íslenska ríkið hlutaðist til um endurskoðun á hlutaðeigandi ákvæðum laga og reglugerðar, þ.e. um almennt jöfnunarframlag vegna rekstrar grunnskóla og framlag vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál á nýliðnu ári, var Reykjavíkurborg nauðugur sá kostur að höfða mál á hendur íslenska ríkinu um kröfuna með birtingu stefnu hinn 30. desember 2020. Að öllu óbreyttu verður málið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 28. janúar 2021.

Í samræmi við umræður okkar og þrátt fyrir málshöfðunina lýsir Reykjavíkurborg því hér með yfir að vera eftir sem áður reiðubúin og viljug til viðræðna við íslenska ríkið um hugsanlegar sættir í málinu. Reykjavíkurborg hefur fulla trú á að slíkar viðræður geti skilað árangri og vonast til að ríkið nálgist málið af sama hug. Tilkynnist hér með að borgarritari og borgarlögmaður myndu annast viðræður fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Afrit:
Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður